

REGLUGERÐ um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 4. nóvember 2013 til og með 31. desember 2013, eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 63°49,30' N - 021°39,10' V
2. 63°30,00' N - 021°39,00' V
3. 63°40,00' N - 022°32,00' V
4. 63°48,70' N - 022°32,00' V
5. 63°49,80' N - 022°04,20' V

2. gr.

Frá og með 4. nóvember 2013 til og með 30. apríl 2014, eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64°20,00' N - 023°08,00' V
2. 64°04,90' N - 022°43,60' V
3. 64°02,00' N - 022°44,40' V
4. 64°02,00' N - 023°42,00' V
5. 64°20,00' N - 023°42,00' V

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 1. nóvember 2013.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Hrefna Karlsdóttir.

Kristján Freyr Helgason.